

Plata **vikunnar**

Gummi Jóns - Japl **Sálarliði gerist einherji**

Gummi Jóns er auðvitað Guðmundur Jónsson gítarleikari og aðallagahöfundur Sálarinnar hans Jóns míns, - einn farsælasti smellasmiður þjóðarinnar í á annan áratug. Hann hefur til þessa verið hljómsveitamaður og unnið að tónlistinni sinni sem slíkur með viðeigandi mála- miðlunum sem fylgja hópvinnu. Nú bregður hins vegar svo við að hann er einn á ferð og semur hvort tveggja lög og texta. Stefna Gumma er aðallega melódískt rokk, að sjálfsgöðu vel gríp- andi og fagmannlega saman sett. Listamaðurinn er öllu stíðari þegar kemur að textunum, enda hefur hann til þessa látið aðra að mestu um þá. En þegar betur er rýnt í orðin sést að Gumma liggur eitt og annað á hjarta sem hann þarf að koma frá sér og þegar öllu er á botninn hvolft er heildarútkoman vel viðunandi. Þá syngur höfundurinn öll tíu lög plötunnar sjálfur. Hann kemst satt að segja mun betur frá því en búast mátti við. Það kemur nefnilega í ljós að gítarleikarinn sem hefur til þessa látið helsta tenór íslenska rokksins syngja lög sín er sæmilegasti söngvari sjálfur og gæti batnað heilmikið með aukinni æfingu.

Umsjón: Ásgeir Tómasson

